

Fréttatilkynning

Efni: Könnun MMR á afstöðu almennings til mótmæla- og borgarafunda undanfarinna vikna.

Úrtak: Íslendingar á aldrinum 18-67 ára

Dagsetning: 8. desember 2008

Rúmur helmingur telur að mótmæla- og borgarafundir endurspegli viðhorf þjóðarinnar.

Trú á að mótmæla- og borgarafundir endurspegli viðhorf þjóðarinnar áberandi meðal kjósenda Samfylkingar og Vinstri grænna.


Alls telja 55,4% svarenda að boðskapur mótmæla- og borgarafunda undanfarinna vikna endurspegli viðhorf meirihluta þjóðarinnar. Mikill munur mælist á afstöðu fólks til fundanna eftir stuðningi við stjórnmalaflokka og stuðningi við ríkisstjórnina.

Af þeim sem segjast styðja ríkisstjórnina eru 18% sem telja að fundirnir endurspegli viðhorf þjóðarinnar. Meðal þeirra sem eru andvígir ríkisstjórninni er þetta sama hlutfall aftur á móti tæp 80%.

Horft til þess hvaða flokka fólk segist myndu kjósa ef gengið væri til kosninga í dag þá eru rétt um 10% þeirra sem segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn sem telja að fundirnir endurspegli viðhorf meirihluta þjóðarinnar. Á hinn bóginn eru tæp 57% Samfylkingarfólks og rúm 82% Vinstri grænna sem telja að mótmæla- og borgarafundir undanfarinna vikna endurspegli viðhorf meirihluta þjóðarinnar.

Telur þú að boðskapur mótmæla- og borgarafunda undanfarinna vikna endurspegli viðhorf meirihluta þjóðarinnar?

-hlutfall þeirra sem svöruðu játandi af heildarfjölda svarenda-



Spurt var:

Telur þú að boðskapur mótmæla- og borgarafunda undanfarinna vikna endurspegli viðhorf meirihluta þjóðarinnar?

Svarmöguleikar voru:

- 1) Já - fundirnir endurspeglar viðhorf meirihluta þjóðarinnar
- 2) Nei - fundirnir endurspeglar ekki viðhorf meirihluta þjóðarinnar
- 3) Veit ekki (þ.e. þeir sem tóku ekki afstöðu)

Samtals tóku 83,8% afstöðu til spurningarinnar (þ.e. svöruðu játandi eða neitandi).

LEIÐRÉTTING: Í upphaflegri tilkynningu var missagt að niðurstöður væru reiknaðar sem hlutfall þeirra sem tóku afstöðu. Hið rétta er að niðurstöður eru hlutfall af heildarfjölda svarenda.



Markaðs- og miðlarannsóknir ehf.
laugavegi 174, 105 reykjavík, íceland
kt: 461206-0850, vsk.nr. 92612
tel. 354 578 5600, fax. 354 578 5619
mmr@mmr.is, www.mmr.is

Upplýsingar um framkvæmd:

Úrtak: Einstaklingar á aldrinum 18-67 ára valdir úr þjóðskrá

Könnunaraðferð: Síma- og netkönnun

Svarfjöldi: 2464 einstaklingar

Dagsetning framkvæmdar: 2.-5. desember

Nánari upplýsingar veitir: Ólafur Þór Gylfason (olafur@mmr.is / 659 5601).

Öll notkun heimil svo lengi sem heimilda er getið.

MMR starfar samkvæmt siðareglum ESOMAR, alþjóðasamtökum markaðsrannsóknafyrirtækja.